

Nd. 317. Frumvarp til laga [164. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijörðina Úlfarsfell í Helgafellssveit.

Flm.: Friðjón Þórðarson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Hauki Sigurðssyni, bónda á Arnarstöðum, Helgafellssveit, eyðijörðina Úlfarsfell í sama hreppi. Náist ekki samkomulag um kaupverð, skal það ákveðið að mati dómkvaddra manna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni Hauks Sigurðssonar, hreppstjóra, Arnarstöðum, Helgafellssveit, Snæfellsnesi.

Jörðin Úlfarsfell í Helgafellssveit hefur verið í auðn á þriðja tug ára. Hún er alveg húsalaus, landlítill og erfiðlega í sveit sett. Verður því að telja harla ólíklegt, að hún byggist aftur. Haukur Sigurðsson og synir hans hafa nýtt þetta eyðibýli í 14 ár. Hreppsnefnd Helgafellssveitar mælir einróma með því, að heimild verði veitt til sölu jarðarinnar. Fylgir hér með bréf um þetta efni, dags. 7. febr. 1969, undirritað af öllum hreppsnefndarmönnum í Helgafellssveit.

Fylgiskjal.

Arnarstöðum, 7. febrúar 1969.

Haukur Sigurðsson bóndi á Arnarstöðum hefur óskað eftir meðmælum hreppsnefndar Helgafellssveitar um kaup á þjóðjörðinni Úlfarsfelli hér í sveit, sem hann og synir hans hafa haft til leiguliðaafnota síðastl. 14 ár.

Hreppsnefndin viðurkennir, að þeir hafa stærra bú en jörð þeirra ber, og hafa þeir notað slægjur og sumarheit á Úlfarsfelli þau ár, sem þeir hafa haft hana á leigu, og hafa fulla þörf fyrir not hennar. Samþykkir hreppsnefndin því að mæla með því, að þeir fái hana keypta.

Síðasti ábúandi jarðarinnar hafði einnig til afnota eyðijörðina Örlygsstaði, en sú jörð hefur nú verið seld og lögð undir aðra jörð. Úlfarsfell hefur verið í eyði yfir 20 ár, jörðin er það landlítill og alveg húsalaus, að við teljum öruggt, að hún byggist ekki aftur sem sérstakt býli.

Virðingarfyllst,

Haukur Sigurðsson. Hallvarður Kristjánsson. Bergsteinn Þorsteinsson.
Illugi Hallsson. Hinrik Jóhannsson.